

**Ed.**

**417. Nefndarátt**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta í sambandi við gildandi lög og reglugerðir um þetta efni og komist að þeirri niðurstöðu, að nauðsyn beri til að tryggja, að skoðanir skipa og báta og alt eftirlit verði betur framkvæmt en raun hefir á orðið í ýmsum veiðistöðum. Hingað til. Getur nefndin eftir atvikum fallist á, að skipaður verði skipaskoðunarstjóri, svo sem frv. mælir fyrir um, og vill ætla, að með því náist meira samræmi í framkvæmd laganna.

Nefndin vill taka fram, í sambandi við samþykkt þessa frv., að hún telur brýnustu nauðsyn á, að endurskoðuð verði hið allra fyrsta tilskipun frá 20. nóv. 1922 um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, sem og reglugerð frá 7. nóv. 1923 um þóknun til skoðunarmanna skipa o. fl.

Þá vill nefndin benda á, að hún hefir ekki getað fundið, að út hafi verið gefin reglugerð um eftirlit með öryggi þeirra fljótandi fara, sem lögin

frá 19. júní 1922 ekki ná til, sem þó er heimilt samkvæmt 5. gr. nefndra laga. Telur nefndin, að slík reglugerð sje mjög nauðsynleg, því það mun óhætt að fullyrða, að þær fleytur skifta hundruðum á öllu landinu, sem fiskiveiðar stunda að meira eða minna leyti, en falla þó ekki undir ákvæði laganna, af því að þær annað tveggja stunda ekki fiskiveiðar heila vertíð, eða hafa færri en fjöggra manna áhöfn. Virðist full ástæða til, að einnig sje haft eftirlit með öryggi slíkra fara, enda gera lögin ráð fyrir því.

Löks vill nefndin geta þess, að hún telur varhugavert ákvæði 9. gr. frv. um, að fela megi færri mönnum en lögin tiltaka að framkvæma skoðun skipa. En þar sem áliðið er þingtíma, gæti breyting á frv. valdið því, að það dagadi uppi í þinginu að þessu sinni, og vill nefndin því ekki leggja til, að 9. gr. verði feld niður, en væntir, að treysta megi því, að skipaskoðunarstjóri beiti ákvæði þessu ekki, eða þá aðeins með fylstu varúð.

Að öllu athuguðu leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1929.

Erlingur Friðjónsson,  
form.

Ingvar Pálmason,  
frsm. og fundaskr.

H. Steinsson.